

## L Ö G

3

18. jan.

um breyting á lögum nr. 22 30. jan. 1945, um skipulag á fólksflutningum með bifreiðum.

## FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt*: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

## 1. gr.

Í stað síðasta málsl. 4. málsgr. 1. gr. laganna kemur: Sérleyfi þarf ekki til fólksflutninga innan hvers lögsagnarumdæmis, ef um er að ræða hópferðir á héraðsmót eða almennar skemmtanir. Bæjarfélög skulu í þessu sambandi teljast til þess lögsagnarumdæmis, sem næst þeim er. Heimilt er ráðherra að undanþiggja sérleyfi slíkar fólksflutningsferðir, sem farnar eru milli lögsagnarumdæma.

## 2. gr.

Í 6. gr. laganna, í stað „7% — sjö af hundraði —“ komi: 3% — þrjú af hundraði —.

## 3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi, og skal sérleyfisgjaldið frá 1. jan. 1951 að telja innheimt þannig breytt, eins og segir í 2. gr. laga þessara.

*Gjört í Reykjavík, 18. janúar 1952.*

**Sveinn Björnsson.**

(L. S.)

---

*Hermann Jónasson.*

## L Ö G

4

18. jan.

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja kirkjújörðina Múlasel í Mýrasýslu og Hróastaði í Norður-Þingeyjarsýslu.

## FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt*: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

## 1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að selja ábúanda Helgastaða í Hraunhreppi í Mýrasýslu, Gísla Jónssyni, eyðijörðina Múlasel í sama hreppi fyrir verð, sem ákveðið er með mati dómkvaddra manna.

## 2. gr.

Enn fremur er ríkisstjórninni heimilt að selja Grími Jónssyni héraðsráðunaut í Ærlækjarseli hálfra eða alla jörðina Hróastaði í Öxarfjarðarhreppi fyrir verð, sem ákveðið verður með mati dómkvaddra manna, enda verði hið selda land notað til stofnunar nýbýlis.

## 3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík, 18. janúar 1952.*

**Sveinn Björnsson.**

(L. S.)

---

*Hermann Jónasson.*